

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 6. júlí 2022 klukkan 10:05

Titill

Lyngbobbi finnst í Reykjavík

Höfundur

Páll Einarsson (1947)

Tímarit

Náttúrufræðingurinn
71. árgangur 2002-2003
3.-4. Tölublað
Bls. 134-137

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/000609331>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.



1. mynd. Lyngbobbi verpir eggjum í Reykjavík í júní 2003. – A copse snail (*Arianta arbustorum* (Linnaeus, 1758)) lays eggs in Reykjavík in June 2003. Ljósmynd. / photo Oddur Sigurðsson.

Páll Einarsson

LYNGBOBBI FINNST Í REYKJAVÍK

Í júní 2003 átti ég erindi í Gróðrarstöðina Mörk í Fossvogsdal. Varð þá á vegi mínum sprækur lyngbobbi (*Arianta arbustorum* (Linnaeus, 1758)) sem greinilega átti þarna heima. Þetta væri ekki í frásögur færandi nema vegna þess að fram til þessa hefur útbreiðsla lyngbobbans á Íslandi verið að mestu bundin við Austurland og mér vitanlega hafði hann ekki áður fundist á Suðvesturlandi. Ég hringdi strax í Odd Sigurðsson og kom hann með myndavél til að mynda gripinn. Snigillinn var byrjaður að verpa eggjum þegar Oddur kom og gátum við fest það á filmu (1. mynd), u.þ.b. 15 egg. Í júlí 2003 fór ég og leitaði umhverfis Mörk. Fann ég ekkert sunnan og vestan stöðvarinnar fyrr en kom að íþróttasvæði Víkings. Þar sunnan við áhorfendapallana var hins vegar mjög líflegt samfélag. Hundruð lyngbobba voru þar við girðinguna, í grasi og undir limgerði. Eigandi gróðrarstöðvarinnar sagðist hafa orðið bobbanna var í nokkur ár í gróðurhúsum og væru þeir nokkuð örugglega komnir með plöntum frá Danmörku. Varð hann fyrst var við þá utandyra sumarið 2003.

Í október sama ár frétti ég af bobbum í garði við Kaplaskjólsvæg í Vesturbænum og sannreynði að þar var líka á ferðinni lyngbobbinn. Nánari eftirgrennslan leiddi í ljós að lyngbobbar hafa fundist nokkrum sinnum á höfuðborgarsvæðinu á undanföllum árum. Hjá Náttúrufræðistofnun eru skráð fjögur dæmi:

1. Einn bobbi fannst í Örfirisey árið 1995, líklega kominn með

timburfarmi frá Eistlandi.

2. Fimm bobbar teknir í húsgarði við Skipasund árið 1998.
3. Nokkrir bobbar sáust í gróður-skjólbelti við íþróttasvæði Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði árið 2001.
4. Mikill fjöldi lyngbobba fannst í gamalli gróðrarstöð í órækt við Víðistaðatún í Hafnarfirði í ágúst 2003.

Greinilegt er að lyngbobbinn hefur náð fótfestu á höfuðborgarsvæðinu og má búast við að hann sé þar víða að finna.

HEITI

Latína: *Arianta arbustorum*
(Linnaeus, 1758)

Enska: Copse snail (copse = kjarr)

Þýska: Baumschnecke, Gefleckte Schnirkelschnecke

Danska: Kratsnegl (krat = kjarr)

LÝSING

Lyngbobbinn er með stærstu landkuðungum hér á landi og er ásamt brekkubobbanum (*Cepaea hortensis* (Müller, 1774)), sem lifir á Suðurlandi, raunar í sérflokkum hvað stærð varðar. Fullvaxnir geta kuðungarnir verið 14–28 mm í þvermál (Kerney o.fl. 1983). Þeir eru traustbyggðir og næstum hnattlaga en talsvert breytilegir að lögun (2. og 3. mynd). Hyrnan er yfirleitt lág en hæð hennar er breytileg. Kuðung-

urinn er yfirleitt brúnn með ljósari yrjum, með einni dökkri snigilrönd sem er mest áberandi á grunnvindingnum. Til eru ljósleit litarafbrigði, jafnvel með engri rönd. Útrönd munnans er svolítið útsveigð og er með ljósleitri vör að innan. Naflinn er svolítið opinn, rifulaga. Bobbar á Íslandi eru með greinilega þynnri skel en víðast á meginlandi Evrópu. Það stafar að öllum líkindum af takmörkuðu framboði á kalki í jarðvegi hér á landi.

Hér á landi virðast þeir vera fremur í smærra lagi. Meðalbreidd 26 bobba sem safnað var að Húsum í Fljótssdal sumarið 2002 var til dæmis 17,1 mm, sá minnsti var 16,0 og sá stærsti 18,3 mm. Kuðungarnir í Fossvogsdalnum voru að meðaltali 20,4 mm í þvermál og voru þeir allir stærri en stærstu bobbarnar frá Húsum (sjá 3. mynd).

ÚTBREIÐSLA Á ÍSLANDI

Lyngbobbinn var til skamms tíma algengur aðeins á Austurlandi og finnst þar allt frá Gunnólfsvíkurfjalli í norðri til Öraefa í suðri (Hjörleifur Guttormsson 1972, Árni Einarsson 1977). Eldri heimildir geta um fundarstaði á Vestfjörðum en ekki hefur spurst til lyngbobbans þar á seinustu áratugum. Ævar Petersen (1992) greinir frá fundarstað við Breiðuvík á Snæfellsnesi, svo ekki er útilokað að einangruð búsvæði eigi enn eftir að koma í ljós.

ÚTBREIÐSLA UTAN ÍSLANDS

Lyngbobbinn er útbreiddur og algengur á meginlandi Evrópu, mætti raunar teljast með einkennistegundum evrópskrar sniglafánu. Hann er algengastur í mið- og norðvesturhluta álfunnar (Kerney o.fl. 1983), verður sjaldgæfur þegar kemur suður fyrir Alpafjöll og nyrst í Skandinavíu. Í Ölpunum lifir hann í allt að 2700 m hæð. Hann hefur ekki fundist í Finnlandi. Í Austur-Evrópu finnst hann hér og þar allt austur til V-Úkraínu (Fechter og Falkner 1989).

Í Englandi og Skotlandi er lyngbobbinn víða algengur (Kerney 1999), finnst í allt að 1160 m hæð á Ben Lawers. Á Írlandi finnst hann aftur á móti svo til eingöngu nyrst í landinu.

Lyngbobbans er ekki getið í bók Burch (1962) um landsnigla í austanverðum Bandaríkjunum og ekki hafa fundist heimildir um hann þar. Í Kanada er hann einungis þekktur á einum stað á Nýfundnalandi. Þetta er eftirtektarvert því aðrir algengir Evrópusniglar sem lifa á svipuðum slóðum og lyngbobbinn, svo sem brekkubobbinn (*Cepaea hortensis* (Müller, 1774)), gerðisbobbinn (*Cepaea nemoralis* (Linnaeus, 1758)), vínberjasnigillinn (*Helix pomatia* Linnaeus, 1758) og garðabobbinn (*Helix aspersa* Müller, 1774), hafa fylgt Evrópubúum til Ameríku og eru þar víða algengir.

LIFNAÐARHÆTTIR

Lyngbobbinn er jurtaæta eins og flestir sniglar. Hann sækir í gróskumikinn gróður og lifir gjarnan á rökum og skjólgóðum stöðum undir laufi og rusli. Í norðanverðri Evrópu lifir hann gjarnan í gördum og dalbotnum og þá með brekkubobbannum og gerðisbobbannum. En hann er nokkru harðgerðari og teygir sig hærra upp eftir hlíðum en þeir. Hér á landi hefur útbreiðslan verið svo til eingöngu á Austurlandi, eins og fyrr segir, og þar lifir hann einkum í gróðursælum brekkum sem hallar mót suðri. Hann er greinilega á mörkum útbreiðslu sinnar, eins og raunar margir þeirra snigla sem hér lifa, og hefur ekki breiðst teljandi út til annarra landshluta. Það er eftirtektarvert að þegar hann loksins flutti á mölina í Reykjavík þá kom hann frá Danmörku.

Hvað stærð varðar sverja lyngbobbarnir í Reykjavík sig frekar í ætt við lyngbobba á meginlandinu en á Austurlandi (3. mynd). Ekki er á grundvelli fyrirliggjandi gagna hægt að segja til um hvort stærðarmunurinn stafar af erfðum eða atlati. Það væri þó áhugavert að fá úr því skorið hversu langt Austfjarða-




2. mynd. Tvö eintök lyngbobba úr Fossvogsdal, bæði frekar dæmigerð þótt nokkur munur sé á. Kuðungurinn til vinstri er 20,0 mm á breidd og fremur dökkur á lit. Sá til hægri er 22,4 mm á breidd, ljósari að lit og með áberandi hærri hyrnu. – Two specimens of *Arianta arbustorum* from Reykjavík, both rather typical for the species. The one on the left has a diameter of 20.0 mm and is rather dark-coloured whereas the other one has a diameter of 22.4 mm, is lighter in colour and has a higher spire.

bobbinn hefur þróast frá upphafi sínu í einangrun hér á landi og hvort hægt sé að líta á hann sem sérstaka tegund eða undirtegund forfeðra sinna í Evrópu. Ef til vill má með því varpa ljósi á spurninguna um það hvernig nýjar tegundir smádyra námu hér land eftir orðeyðu ísaldarinnar.

SUMMARY

Copse snails found in Reykjavík

A viable colony of the landsnail *Arianta arbustorum* (Linnaeus, 1758) was found in Reykjavík in the summer of 2003. The colony spread from greenhouses and apparently originated in garden plants imported from Denmark a few years earlier. Closer inspection of records has



3. mynd. Safn lyngbobbna frá fjórum stöðum sýnir vel breytileika tegundarinnar. Hópur A (í miðju, efst) er úr Fossvogi, safnað 2003. Hópur B (vinstri megin) er frá bökkum Rínar við Karlsruhe í Þýskalandi (2003), hópur C (í miðju, neðst) frá Schleswig í Þýskalandi (1998). Hópur D (til hægri) er frá Húsum í Fljótsdal (safnað 2002) og eru kuðungarnir þaðan áberandi minni en hinir. Efst til vinstri í hópi B eru tveir kuðungar af ljósu litarafbrigði þar sem dökku röndina vantar.

A collection of *Arianta arbustorum* from four locations shows well the variability of the species. Group A (upper middle) is from the Fossvogur location in Reykjavík, collected in 2003. Group B (left) is from the banks of the Rhine near Karlsruhe in Germany (2003), group C (lower middle) from Schleswig in Germany (1998). Group D (right) is from Hús in Fljótsdalur, Eastern Iceland (2002). Snails in the last group are conspicuously smaller than the others.

revealed four more findings in the Reykjavík area in recent years and the species seems to be spreading there. *Ari-*

anta arbustorum has lived in Iceland for a long time but its distribution has, apart from very few isolated colonies, been

limited to Eastern Iceland (Guttormsson 1972). This is the first report of the species in SW-Iceland.

ÞAKKIR

Álfheiður Ingadóttir og Erling Ólafsson lögðu til upplýsingar úr skrám Náttúrufræðistofnunar og gáfu góð ráð. Valgeir Geirsson benti mér á lyngbobbana við Kaplaskjólsvæg og Árni Einarsson las yfir handrit greinarinnar. Eru þeim öllum færðar þakkir.

HEIMILDIR

- Árni Einarsson 1977. Íslenskir landkuðungar. Náttúrufræðingurinn 47. 65–87.
- Burch, J.B. 1962. The Eastern Land Snails. Wm. C. Brown Company Publishers, Dubuque, Iowa. 214 bls.
- Fechter, R. & G. Falkner 1989. Weichtiere. Mosaik Verlag, München. 287 bls.
- Hjörleifur Guttormsson 1972. Lyngbobbinn á Austurlandi. Týli 2. 72–74.
- Kerney, M. 1999. Atlas of the Land and Freshwater Molluscs of Britain and Ireland. Harley Books, Colchester, Essex, England. 261 bls.
- Kerney, M.P., R.A.D. Cameron & J.H. Jungbluth 1983. Die Landschnecken Nord- und Mitteleuropas. Verlag Paul Parey, Hamburg und Berlin. 384 bls.
- Ævar Petersen 1992. Nýr fundarstaður lyngbobbna. Náttúrufræðingurinn 61. 133–135.

PÓSTFANG HÖFUNDAR/AUTHOR'S ADDRESS

Páll Einarsson
palli@hi.is
Raunvísindastofnun háskólans
Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands
IS-101 Reykjavík

UM HÖFUNDINN



Páll Einarsson (f. 1947) tók fyrrhlutapróf í edlisfræði við Háskólann í Göttingen í Þýskalandi 1970, Mphil- og PhD-próf í jarðedlisfræði frá Columbia-háskólanum í New York 1974 og 1975. Hefur starfað við Raunvísindastofnun og Háskóla Íslands síðan 1975. Var próffessor í jarðedlisfræði 1994–1997 og síðan 1999. Rannsóknarviðfangsefni eru einkum jarðskjálftar, jarðskorpuhreyfingar og eldvirkni. Páll hefur um áratuga skeið verið áhugamaður um útbreiðslu skeldýra á Íslandi.